

# Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi

**haldinn 26. september 2019**

Tillögur til 35. aðalfundar LS 17. og 18. október 2019

## **1. Línuívilnun/umhverfisívilnun**

Aðalfundur FSA leggur til að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta þar sem umhverfisívilnun taki mið af því hvernig línan er beitt. Framvegis verði ívilnunin kölluð umhverfisívilnun, enda er kolefnisspor við línuveiðar mun minna en við veiðar dreginna veiðarfæra og áhrif veiðanna á botn og botndýr óveruleg.

## **2. Byggðakvóti**

Aðalfundur FSA leggur til að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun.

## **3. Strandveiðar**

Aðalfundur FSA leggur til að strandveiðar verði einnig leyfðar á sunnudögum og veiðitíminn verði frá 15. apríl til 15. september ár hvert. (48 dagar)

## **4. Handfæraveiðar/umhverfisívilnun**

Aðalfundur FSA leggur til að umhverfisívilnun verði einnig á veiðar með handfærum.

## **5. Grásleppuveiðar**

Aðalfundur FSA hafnar hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu og einnig vill fundurinn að heimilt verði að taka hlé frá veiðum með því að taka upp net. Til dæmis ef von er á stór brælu eða í þeirri von að þorskur gangi af veiðislóð.

## **6. Sæbjúgnaveiðar**

Aðalfundur FSA krefst þess að áhrif veiða á sæbjúgum á botndýr og botn verði rannsakaðir hið fyrsta, telur fundurinn að áhrif veiðanna séu töluverð. Sem dæmi er lágmarksþyngd sæbjúgnaplógs eitt tonn.

## **7. Þorsknetaveiðar**

Aðalfundur FSA hafnar því að þorsknetaveiðar verði leyfðar á krókaafلامarksbátum.

## **8. Hvalveiðar**

Aðalfundur FSA skorar á Kristján Loftsson að halda áfram hvalveiðum.